

## Aðalfundur FaMos haldinn í Hlégarði mánudaginn 15. Febrúar 2016 kl. 20:00

1. Formaður, Harald S. Holsvik setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra. Það var samþykkt. Fundarstjóri úrskurðaði um lögmati fundarins, sem var auglýstur með nægum fyrirvara. Fundarstjóri lagði til að Jón Þórður Jónsson yrði fundarritari, það var samþykkt.

2. Harald S. Holsvik formaður FaMos flutti skýrslu stjórnar:

Haldnir voru 17 stjórnarfundir á tímabilinu.

Öldungaráð Mosfellsbæjar var stofnað á árinu, skipulagsskrá ráðsins var samþykkt í bæjarráði Mosfellsbæjar 5.2.2015. Ráðið skipa: F.h. FaMos. Aðalmenn: Harald S. Holsvik og Magnús Sigsteinsson. Varamenn: Sara Elíasdóttir og Jón Þórður Jónsson. F.h. Mosfellsbæjar. Aðalmenn: Unnur V. Ingólfssdóttir og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir. Sameiginlega af hálfu beggja aðila voru tilnefndar: Svala Árnadóttir aðalmaður og Jóhanna Magnúsdóttir varamaður.

Formaðurinn greindi frá samkomulagi við Arion banka varðandi þjónustu heimabanka, en vegna kostnaðar við heimabanka hvatti hann félagsmenn að millifæra félagsgjöld beint inn á reikning félagsins.

Á síðasta aðalfundi FaMos var samþykkt að félagsmenn 85 ára og eldri verði gjaldfrjálsir. Á síðasta ári voru 17 félagar gjaldfrjálsir, en í ár verða þeir 20.

Á síðasta aðalfundi var skipuð laganefnd sem ætlað var að endurskoða lög Famos. Í laganefnd eru: Örn Höskuldsson, Grétar Snær Hjartarsson og Snjólaug Sigurðardóttir. Nefndin hefur lokið störfum og lagði fram tillögur sínar á fundinum. Stjórn FaMos hefur samþykkt framkomnar tillögur laganefndar. Laganefnd var þakkað fyrir vel unnið starf.

Ný félagsskírteini: Síðasta skírteini var gefið út fyrir aðalfund 2015 til tveggja ára og gilti til 15 mars. 2015. Formaður lagði áherslu á að fyrirtækin í Mosfellsbæ styðja okkur og við eigum því að láta þau ganga fyrir, ef við þörfnumst þjónustu þeirra.

Formaður greindi frá Landsfundi LEB, Landssambands eldri borgara:

Formaður og Magnús Sigsteinsson, voru kjörnir fulltrúar FaMos. Á fundinum hætti Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sem formaður LEB, en hennar stjórnartími var þá liðinn. Haukur Ingibergsson, var kjörinn formaður stjórnar LEB í hennar stað. Helstu málefni sem ályktað var um á Landsfundinum voru: Kjaramál eldri borgara, Heilbrigðismál eldri borgara og félags- og velferðarmál eldri borgara Þessar ályktanir geta þeir sem hafa tölvu, skoðað á [www.famos.is](http://www.famos.is). Því má bæta við að ráðgert er að Formannafundur LEB, verði haldinn í Hlégarði 26. apríl n.k.

Formaður sagði frá heimsókn Bæjarstjóra Mosfellsbæjar ásamt tveim embættismönnum og fulltrúum FaMos til heilbrigðisráðherra 23. september s.l. til að ræða um stöðu og fjölda hjúkrunarrýma.

Ráðherra tók þeim vel en lofaði engu.

Undanfarin ár, hefur Sigurður Hreiðar og fleiri, m.a. Guðjón Jónsson, lesið upp úr bókum fyrir heimilismenn á Hömrum og Eirhömrum. Birgir D. Sveinsson, tók við af Sigurði, sem hefur annast upplestur vikulega fyrir heimilisfólk Hamra að undanfögnu. Stjórn FaMos, þakkar þessum ágætu mönnum góft og óeigingjarnt starf fyrir okkar skjólstæðinga.

Píanókaup: Eftir að hjúkrunarheimilið Hamrar tók til starfa hafa þeir sem skemmta heimilismönnum kvartað yfir því að ekki er píanó á staðnum. Stjórn FaMos, leysti málið með kaupum á píanói til notkunar á Hömrum. Vorboðar Kór eldri borgara í Mosfellsbæ keypti hjólástall undir píanóið og sá um uppsetningu þess, auk stillingu á því. Stjórn FaMos er Vorboðunum þakklát fyrir þeirra framtak og gott samstarf. En þess má geta að kórinn átti 25 ára afmæli á s.l. ári. FaMos á nú tvö píanó, hitt píanóið er í Lágafellskirkju.

Módelsmíði: Í september s.l. hófst módelsmíði í félagsstarfinu að Eirhömrum, en það er nýjung.

Tungumálakennsla: Í haust hófst tungumálakennsla í spænsku að Eirhömrum. Fyrir kennarann er nauðsynlegt að vinna með tússtöflu, FaMos lagði út fyrir henni.

Endurbætur á skrifstofu: Vandamál, komu upp í vor í tölvu félagsins að Eirhömrum. Varahlutir, ný forrit og vírusvörn voru keypt ásamt nýjum laserprentara til að prenta út félagsskírteini. Stjórnarmenn skipta milli sín viðveru á skrifstofu á miðvikudögum kl. 15:00 til 16:00.

Formaður þakkaði fyrir hönd stjórnar, Elvu Björgu og aðstoðarleiðbenendum hennar, Stefaníu og Guðbjörgu, ásamt öllu starfsfólki félagsstarfsins á Eirhömrum og Hömrum, fyrir sérstaka góða samvinnu og sérstaklega forstöðukonunni Valgerði Magnúsdóttur.

Formaður þakkaði fyrir gott samstarf s.l. tvö árin. 2ja ára kjörtímabil hans er liðið, hann er tilbúinn að gefa kost á næstu tvö árin. Formaður þakkaði ómetanlega aðstoð okkar allra og stuðning. Skýrsla fylgiskjal. nr.1.

### **3. Skýrslur nefnda og hópa:**

**3.1. Menningar og skemmtinefnd:** Grétar Snær Hjartarsson sagði frá starfinu. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin fimm menningarkvöld auk aðalfundar með örþorrablóti og leikhúsferðar. Menningarkvöld um miðjan dag var ferð um Borgarfjörð. Í byrjun síðasta árs var námskeið í Grettissögu sem lauk með tveggja daga ferð um söguslóðir. Á menningarkvöldum hafa komið fram m.a Tindatríóið, Kirkjukór Lágafellssóknar, Gunnhildur Hrólfsdóttir, Hagyrðingar undir stjórn Helga Einarssonar og Vorboðar kór eldri borgara. Sr.Arndís Linn flutti hugvekkju í desember. Skýrsla fylgiskjal. nr. 2.

**3.2. Kaffinefnd:** Elísabet Kristjánsdóttir formaður kaffinefndar sagði frá því að hún hættir í nefndinni ásamt Ingunni Vilhjálmsdóttur. Þær er búnar að vera í nefndinni í 4 ár.

**3.3. Íþróttanefnd:** Pétur Guðmundsson gerði grein fyrir starfsemi íþróttanefndar. Starfið hefur verið með hefðbundnum hætti. Vatnsleikfimi, boccía, ringó og dansleikfimi. Óánægja er með tímasetningu vatnsleikfiminna en hún er frá kl. 12:00., en þá er matar- og fréttatími. Vonast er eftir að bæjaryfirvöld úthluti betri tíma.

Tvímenningsmót í boccía var haldið að Varmá 7. mars.

Sveitakeppni í boccía var á Álftanesi 18. október.

Íslandsmót FÁÍA var haldið í Mosfellsbæ 21. ágúst. Í kvennaflokki unnu FaMos konur mótið og einnig í sveitakeppni. Karl Loftsson hefur stjórnað þúttæfingum í 17 ár, hann hefur einnig séð um félagsvist og bíngó ásamt Eyvindi Péturssyni, sem er nú horfinn frá okkur, Eyvindur var einnig hvatamaður í gönguhóp FaMos félaga.

Tvímenningsmót í boccía verður haldið að Varmá 27. Febrúar. Fjögur lið frá FaMos taka þátt.

Skýrsla fylgiskjal nr. 3

**3.4. Ferðanefnd:** Formaður gerði grein fyrir starfi ferðanefndar. Ferðanefndin skipulagði ferð til Blönduós og nágrennis, hætt var við þá ferð vegna ónógrar þátttöku. Ferðanefndin gaf ekki kost á sér á ný. Nýir aðilar hafa gefið kost á sér í ferðanefnd, en þau eru. Margrét Jakobína Ólafsdóttir, Valdís Ólafsdóttir, Albert H. Gunnarsson. Sara Elíasdóttir verður með nefndinni til að byrja með. Formaður bauð þau velkomin og þakkaði fyrri nefnd fyrir gott starf.

**3.5. Spilaneftnd:** Formaður sagði frá því að þeir Karl Loftsson og Bernhard Linn sjá um spilamennskuna, sem gengur vel. Yfirleitt er spilað á þeim sex borðum sem til eru.

**3.6. Gönguhópur:** Formaður sagði frá því að fyrir gönguhópnum standa nú, Kristinn Breiðfjörð og Unnur Haraldsdóttir. Gengið er frá Eirhömrum þrisvar í viku, þriðjudaga, föstudaga og laugardaga, kl.11:00

**3.7. Línudans:** Kolbrún Jónsdóttir stendur fyrir Línudansi. Dansað er einu sinni í viku á Eirhömrum og hefjast æfingar kl.16:00

**3.8. Vorboðar, kór eldri borgara í Mosfellsbæ:** Úlfhildur Geirsdóttir, formaður Vorboða, gerði grein fyrir starfsemi Vorboðana, Páll Helgason er stjórnandi en Guðrún Tómasdóttir raddþjálfar kórinn. Kórinn stendur fyrir allskonar söngstarfi. Í Vorboðum eru núna um 60 félagar. Æfingar kórsins eru í Safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 12:45. Kórinn er opinn öllum eldri borgurum. Skýrsla fylgiskjal. nr.4

**3.9. Gaman saman:** Umsjónamaður er Úlfhildur Geirsdóttir sem sagði frá því að Gaman saman sem er samverustund með gestum á Eirhömrum og börnum úr leikskólum og skólum bæjarins, einnig hefur skólahljómsveitin komið í heimsókn. Gaman saman hefur nú starfað í þrjú ár undir stjórn Glaða gengisins, sem eru: Úlfhildur, Páll Helgason, Bjarney Einarisdóttir, og Guðríður Pálsdóttir. Páll spilar á

píanó en Grétar Snær Hjartarson spilar á harmonikku. Gaman saman er annan hvern fimmtudag kl.13:30. Skýrsla, fylgiskjal nr. 4

**3.10. Kíkt fyrir hornið:** Sara Elíasdóttir og Jóhanna Guðbjörnsdóttir hafa umsjón með þessum lið. Farið er í stuttar ferðir um nágrennið og áhugaverðir staðir skoðaðir, einnig er farið í leikhús, söfn, vinnustaði og á jólahlaðborð. Á þessu ári er áætlað að fara í leikhús og safn ásamt fleiru spennandi. Skýrsla, fylgiskjal nr. 5.

**3.11. Leshringur:** Umsjón hafa, Einar Halldórsson og Jóhanna Sigurðardóttir með aðstoð Málfríðar á Bókasafninu. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði að Eirhömrum kl.10:30 og fjalla þá um eina bók hverju sinni. Rithöfundar koma í heimsókn af og til.

**3.12. Önnur tómsundaiðja, sem ekki var gerð nánari grein fyrir er:** Gleriðja, Málun, Módelsmíði, perlur og hannyrðir. Formaður ræddi lítilsháttar um módelsmíði. Tveir bátar voru til sýnis á fundinum.

#### **4. Ársreikningar FaMos:**

Pétur Guðmundsson gjaldkeri FaMos gerði grein fyrir reikningum FaMos.

Félagsgjöld 2015 voru kr. 1.090.000 frá 436 félögum.

Tekjur í árslok voru kr. 2.957.922. Útgjöld í árslok voru kr. 2,381.435. Tekjur umfram gjöld voru 574.487. Eignir FaMos í árslok voru kr. 3.621,688. Auk þess á félagið tvö píanó, eitt í Lágafellskirkju og annað á hjúkrunarheimilinu Hömrum. FaMos á einnig tvær trésmiðavélar staðsettar í módelsmiðastofu Eirhamra ásamt búnaði þeim tilheyrandi., tölvu, prentara o.fl. á skrifstofu. Skýrsla, fylgiskjal nr. 6.

#### **5. Umræður um skýrslu stjórnar, yfirlit nefnda og hópa ásamt ársreikningi FaMos:**

Þorbjörn Eiríksson spurðist fyrir um hvernig staðan væri varðandi afsláttarbók LEB, hvar væri hægt að fá þessar bækur. Formaður sagði að netslóð hafi verið send til allra sem eru með tölvupóst og 90 bækur voru sendar til þeirra sem ekki eru nettengd. Níu afsláttarbækur eru til á skrifstofu FaMos. Sigrún Stella Guðmundsdóttir benti á að best væri að sýna alltaf félagsskírteinið við innkaup, þá kæmi í ljós hvort afsláttur væri til staðar. Hafsteinn Pálsson benti á varðandi reikninga, að þeir þurfi ekki að öðlast samþykki. Fundarstjóri benti á að í slíkum tilfellum væri venja að boða til framhaldsaðalfundar. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

**6. Stjórn FaMos lagði til að félagsgjald verði óbreytt 2016, kr. 2.500. Ákvörðunin gildi til næsta aðalfundar, nema stjórn félagsins ákveði annað. Þetta var samþykkt.**

#### **7. Lagabreytingar:**

Grétar Snær Hjartarson, gerði grein fyrir sameiginlegum tillögum stjórnar og laganefndar um breytingar á lögum FaMos.

Umræða um lagabreytingar. Þorbjörn Eiríksson óskaði eftir að grein nr. 2.1.1 yrði breytt, að í stað „stuðla að“ verði áfram „vinna að“ þessari breytingu var hafnað með með þorra atkvæða.

Sigurður Hreiðar gerði athugasemd varðandi gildistíma félagsskírteinis, grein 3.4, það væri ósamræmi milli gildistíma félagsskírteina og tímasetningu aðalfundar, þar sem árgjaldið væri samþykkt á aðalfundi. Formaður gerði grein fyrir skoðun stjórnar á þessu máli, þetta fyrirkomulag, að miða við almanaksárið, væri m.a. hagkvæmara vegna innheimtu félagsgjalda og auðveldaði gjaldkera störf. Formaður óskaði eftir, að þetta verði svona þetta ár, en verði endurskoðað á næsta aðalfundi. Grétar Snær benti á að útgáfutími skírteinis hafi tekið mið af tímasetningu útgáfu afsláttarbókar Sigurður Hreiðar lagði fram breytingartillögu. Grein 3.4 „Gildistími skírteina skal vera frá 15. mars. Kosið var um breytingartillöguna, 24 fundarmenn voru samþykktir tillögunni en 29 á móti, breytingartillagan var því felld.

Sigurður Hreiðar lagði til að tillögur um lagabreytingar fylgdu aðalfundarboði. Það var samþykkt.

Sveinn Kjartansson lagði til breytingu á grein 7.2., að þar komi fram að 2/3 hlutar félagsmanna, sem mættir eru á löglega boðuðum aðalfundi. Þessi breytingartillaga var samþykkt. Samþykkt var að löggin yrðu borin upp til samþykktar í heild en ekki lið fyrir lið. Löggin voru samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum

#### **8. Kosningar:**

8.1. Kosning formanns: Harald S. Holsvik, hefur lokið sínu kjörtímabili en gefur kost á sér til formanns og endurkjörs til næstu tveggja ára. Harald var kosinn formaður samhljóða.

8.2. Kosning stjórnar: Úr stjórn eiga að ganga; Sara Elíasdóttir, varaformaður og Magnús Sigsteinsson, meðstjórnandi, fráfarandi stjórnar. Þau gefa bæði kost á sér til endurkjörs, til næstu tveggja ára. Áfram sitja í stjórn þeir; Jón Þórður Jónsson, ritari og Pétur Guðmundsson, gjaldkeri fráfarandi stjórnar en þeir voru kjörnir 2015 til tveggja ára. Magnús og Sara voru endurkjörin samhljóða.

8.3. Kosning varamanna: Varamenn fráfarandi stjórnar voru; Úlfhildur Geirsdóttir, endurkjörin 2015 og Snjólaug Sigurðardóttir, kjörin 2015. Þær gefa báðar kost á sér til endurkjörs, en varamenn eru kosnir til eins árs í senn. Úlfhildur og Snjólaug voru endurkjörnar samhljóða.

8.4. Kosning skoðunarmanna ársreikninga: Skoðunarmenn ársreikninga eru: Leifur Kr. Jóhannesson og Ólafur Gunnarsson, þeir gefa kost á sér áfram ásamt Kristbjörgu Steingrímsdóttur sem gefur kost á sér sem varaskoðunarmaður ársreikninga. Þau voru öll endurkjörin samhljóða.

Fundi slitið 21:45.

Að aðalfundi loknum var boðið uppá örþorrablot sem kaffinefndin hafði undirbúið af mikilli list. Meðan fundargestir mötuðust, flutti Pétur Bjarnason fyrrum skólastjóri Varmárskóla, mjög svo áhugaverðan fyrirlestur um harmonikkur frá fyrstu tíð.

Ritari: \_\_\_\_\_ Fundarstjóri \_\_\_\_\_